

Upplýsingar um skólann fyrir nýnema
og forráðamenn þeirra
2013-2014



Ljósmynd: Sverrir Páll Erlendsson

Einkunnarorð skólans eru virðing – víðsýni – árangur

Skólasýn MA

Skólastarfið þroskar víðsýni nemenda, gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð.

Nemendur MA bera virðingu fyrir sjálfum sér, samstarfsfólki og umhverfi sínu.

Skólinn hefur að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og eflir trú þeirra á eigin getu.

Nemendur tileinka sér öguð og sjálfstæð vinnubrögð.

Allir nemendur gera sitt besta og þroska fjölbætta eiginleika sína.

Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólastarfinu.

Skólastarfið eflir málvitund nemenda.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á gott tungumálanám, söguvitund, menningar- og náttúrulæsi.

Skólinn leggur rækt við læsi í víðum skilningi, vísindalega hugsun og aðferðir.

Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðferðir við námsmat einnig.

Ágætu foreldrar/forráðamenn og nýnemi í Menntaskólanum á Akureyri

Með bréfi þessu viljum við bjóða þig, kæri nýnemi, velkominn í Menntaskólann á Akureyri og veita ykkur fjölskyldunni nokkrar upplýsingar um skólann.

Haustið 2013 hefja um 220 nemendur nám í fyrsta bekk og skiptast í 9 bekki (A,B,C,D,E,F,G,H,I). Ekki er auðvelt að verða við óskum um bekkjaskipti.

Skólaasetning og kynningarfundur 13. september

Skólaasetning verður föstudaginn 13. september kl. 10:30 í Kvos MA og vonumst við til að sjá þar alla nýnema og forráðamenn þeirra. Nýnemar hitta umsjónarkennara sína í framhaldi af skólaasetningu, skoða skólann og kynnst því sem framundan er. Kennsla hefst síðan samkvæmt stundaskrá mánudaginn 16. september.

Kynningarfundur fyrir foreldra/forráðamenn nýnema verður haldinn **í beinu framhaldi af skólaasetningunni í stofu M1**. Markmiðið með honum er að kynna námið í skólanum og margs konar starf sem ætlað er að styðja við nýnema á fyrsta ári. Nemendur þurfa þó ekki síst á stuðningi og hvatningu foreldra að halda og er það álit okkar að þann stuðning sé auðveldara að veita þegar nokkur þekking á skólanum og starfi hans er fyrir hendi. Áætlað er að kynningarfundurinn standi í u.þ.b. klukkustund og að honum loknum hitta foreldrar umsjónarkennara barna sinna. Dagskrá fyrir foreldra/forráðamenn ætti að vera lokið um klukkan 12.30.

FORMA

Við skólann er starfandi foreldrafélagið FORMA og hefur verið frá 2003. Aðalfundur þess er haldinn 13. september í tengslum við kynningarfundinn og þá verður kosin ný stjórn. Síðastliðið skólaár skipulagði foreldrafélagið skálaferðir fyrir nýnema, í samvinnu við skólann og foreldra hvers bekkjar.

Skólinn

Afgreiðsla skólans er opin alla virka daga á skólatíma frá kl. 08:00-14:00 en lokað er í hádeginu. Sími í afgreiðslu er 455 1555 og netfang skólans er ma@ma.is. Á vef MA og í Innu er hægt að sjá að morgni hvort kennsla fellur niður í einhverjum greinum þann dag.

Bókasafnið er opið 07:45 – 18.00 mánudaga til fimmtudaga og 08.00-15.00 á föstudögum. Bókasafnsfræðingar eru Ragnheiður Sigurðardóttir og Brynhildur Frimannsdóttir. Góð aðstaða er til náms á bókasafninu. Flestar kennslustofur skólans eru einnig opnar nemendum eftir að skóla lýkur á daginn.

Stjórnendur í Menntaskólanum á Akureyri

Skólameistari er Jón Már Héðinsson, jmh@ma.is, viðtalstími kl. 11:00-12:00 alla virka daga.

Aðstoðarskólameistari er Alma Oddgeirsdóttir, alma@ma.is. Alma hefur m.a. yfirumsjón með skólasókn nemenda.

Sviðsstjórar eru:

Anna Sigríður Davíðsdóttir (tungumála- og félagsgreinasvið), anna@ma.is

Valdís Björk Þorsteinsdóttir (raungreinasvið), valdís@ma.is

Sviðsstjórar hafa m.a. yfirumsjón með námsferli nemenda. Ef gera þarf athugasemdir við stundatöflu nemenda er hægt að senda tölvupóst á ma@ma.is eða hafa samband við sviðsstjóra.

Skrifstofustjóri er Þorbjörg Þorsteinsdóttir (thorbjorg@ma.is). Þorbjörg hefur m.a. yfirumsjón með Innu, upplýsingakerfi framhaldsskólanna, þar sem hægt er að fylgjast með mætingum nemenda og námsframvindu.

Fagstjórar

Enska: Hrefna G. Torfadóttir

Erlend tungumál: Örn Þór Emilsson

Félagsgreinar: Einar A. Brynjólfsson

Ísland: Anna Sigríður Davíðsdóttir (MEN) og Gunnhildur Ottósdóttir (NÁT)

Íslenska: Sigríður Steinbjörnsdóttir

Náttúrufræðigreinar og íþróttir: Guðjón Andri Gylfason

Stærðfræði: Ingvar Þór Jónsson

Umsjónarkennarar

Í fyrsta og öðrum bekk eru yfirleitt tveir umsjónarkennarar með bekk en einn í efri bekkjum.

Meginmarkmið með umsjónarstarfinu í Menntaskólanum á Akureyri er

- að stuðla að betra gengi nemenda og draga á þann hátt úr brottfalli þeirra úr skóla
- að stuðla að betri líðan nemenda í skólanum
- að efla samkennd og samstöðu meðal nemenda og starfsfólks skólans

Viðtalstímar umsjónarkennara verða birtir á vef skólans eftir að skóli hefst. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara til að fylgjast með námi barna sinna.

Einn umsjónartími er í stundaskrá nýnema á viku. Tímarnir eru nýttir til kynningar á skólanum, bekkjarfunda og heimanáms.

Forvarnir

Forvarnarfulltrúi er Hólmfríður Jóhannsdóttir íþróttakennari. Hún er einnig tengiliður skólans við verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli.

Langflestir framhaldsskólar landsins eru þátttakendur í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.

Verkefnið er langtímaverkefni með áherslu á næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl. Eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári og að þessu sinni verður sjónunum beint að geðrækt.

Húsnæði

Hús skólans – Allir á inniskóm

Hús skólans eru fjögur. Gamli skóli, Möðruvellir og Hólar eru samtengd hús en til þess að fara í íþróttahúsið (sem kallað er Fjósið) þarf að fara út. Íþróttir eru einnig kenndar í Íþróttahöllinni.

Nemendur fara úr útiskóm og yfirhöfnum í anddyri skólans og auðveldar það mjög þrif í skólanum. Rétt er að hvetja nemendur til þess að vera með inniskó í skólanum, en það er öryggisatriði ef þarf að rýma hús í skyndingu.

Aðeins er einn inngangur í skólann, við Hóla.

Læstir skápar

Fatahengi og skógeymslur eru ekki vöktuð en nemendur geta leigt læsta skápa í skólanum. Því miður hefur það einstaka sinnum gerst að skór eða yfirhafnir hafa horfið og því hvetjum við nemendur til að leigja sér skápa og geyma þar dýrar yfirhafnir eða skó og námsbækur.

Lyklar fást í afgreiðslu. Skápagjaldið er 5000 kr. en 4000 kr. fást endurgreiddar þegar lyklinum er skilað.

Hólar: Á efri hæð er skógeymsla og fatahengi, læstir skápar og afgreiðsla skólans. Niðri er vinnuherbergi kennara, snyrtingar, bókasafnið og níu kennslustofur (**merktar með H á stundatöflu**). Þar er einnig Kvosin, samkomustaður nemenda í frímínútum og aðstaða þeirra til félagslífs. Frá Hólum liggja tengingar til Möðruvalla og Gamla skóla.

Möðruvellir: Á neðstu hæð er aðstaða skólafélagsins, kennslustofa, tölvuaðstaða fyrir nemendur og

vinnuherbergi umsjónarmanns með tölvukerfinu. Á miðhæð og efstu hæð eru alls 8 kennslustofur, **merktar með M á stundatöflu**. Stofur 21-24 eru á efstu hæð en 11-14 á miðhæð.



Ljósmynd: Þórgnýr Dýrfjörð

Gamli skóli: Í kjallara er 1 kennslustofa (G1 á stundatöflu), snyrtingar, vinnuherbergi kennara í tungumálum, skrifstofa sviðsstjóra og skrifstofa námsráðgjafa. Á miðhæð eru skrifstofur skólameistara og aðstoðarskólameistara, skrifstofustjóra og fjármálastjóra, kennarastofa og 4 kennslustofur (nr 11-15). Á efstu hæð eru kennslustofur (nr 21-28, auk NS og SS sem er Norður og Suður salur). Stofur í Gamla skóla eru **merktar með G á stundatöflu**.

Mataöstaða

Nemendur á þriðja ári reka litla sjoppu sem opin er í löngu frímínútum og hádegi. Hún tekur venjulega til starfa í annarri eða þriðju viku skólaársins. Nemendur geta neytt matar síns í Kvosinni (sal skólans) en einnig er rétt að hvetja nemendur sem ekki eru íbúar á heimavistinni til að nýta sér mötuneyti heimavistarinnar. Hægt er að kaupa stakar máltíðir, 10 miða kort eða skrá sig í fast fæði. Upplýsingar fást á <http://www.heimavist.is/is/motuneyti-thvottahus/verðskra>

Heimavistin

Heimavistin við Menntaskólann heitir Lundur og er sjálfseignarstofnun. Nemendur frá MA og VMA búa á vistinni, rúmlega 300 nemendur alls.

Upplýsingar um heimavistina er m.a. að finna á **www.heimavist.is**.

Jöfnunarstyrkur

Nemendur sem þurfa að stunda nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á jöfnunarstyrk. Umsóknarfrestur á haustönn er til **15. október**. Upplýsingar eru hjá Lánasjóði Íslenskra námsmanna, <http://www.lin.is>.

Tölvur og upplýsingatækni

Tölvuþjónusta

Tölvufyrirtækið Advania sér um kerfisþjónustu skólans en Guðjón H. Hauksson kennari er tengiliður skólans við Advania og er þjónustustjóri tölvudeildar MA. Hlutverk hans er að þjónusta nemendur og starfsfólk skólans eftir megni. Skrifstofa Guðjóns er í norðurenda kjallara Möðruvalla.

Netföng

Allir nemendur fá MA-netfang (@ma.is) og er ætlast til að þeir skoði póstinn sinn mjög reglulega því að tölvusamskipti skólans við nemendur fara að meginhluta í gegnum MA-netfangið.

Upplýsingar um netfang og aðgangsorð nýnema verða sendar nýnemum á það netfang sem þeir skráðu í Innu. Eldri nemendur hafa þegar fengið þessar upplýsingar. Það þarf varla að ítreka það fyrir nemendum að halda vel utan um lykilorðin sín og halda þeim út af fyrir sig.

Tölvubúnaður nemenda

Ekki er gerð krafa um að nemendur komi með fartölvur eða annan tækjabúnað í skólann. Í skólanum eru tölvur til afnota utan kennslustunda. Mikil áhersla er hins vegar á verkefnabundið nám í ýmsum áföngum í skólanum og því getur það verið mjög gagnlegt fyrir nemendur að vera með sína eigin tölvu.

Tölvur geta verið mjög gagnlegar við nám en reynslan er sú að oft eru þær líka truflandi í skólanum. Facebook, leikir, ómarkvisst flakk á netinu og annað þess háttar sem ekki tilheyrir náminu á ekki við í kennslustund og eru kennarar í fullum rétti til að banna nemendum að hafa tölvur uppi við. Nemendur eru beðnir að virða tilmæli kennara í þessum efnum eða eins og segir í reglum skólans:

Mikilvægt er að nýta kennslustundir vel til náms. Nemendum ber því að vera virkir og sýna háttvísi og kurteisi. Í kennslustundum er kennari verkstjóri og því er tækjanotkun og vinnufyrirkomulag háð ákvörðun hans hverju sinni.

Kennara er heimilt að vísa nemanda úr kennslustund að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði eða fyrir aðra slæma hegðun. Ef slíkt kemur fyrir ítrekað fyrir skal kennari tilkynna það skólastjórnendum.

Þráðlaust net

Til þess að taka á móti tölvubúnaði nemenda með sem bestum hætti hefur verið sett upp nýtt þráðlaust net í skólanum. Nemendur fá á næstu dögum sendan sérstakan talnalykil á MA-netföngin sín. Þessi lykill gengur að þráðlausu neti sem heitir ma-nemendur. Hver nemandi fær sinn sérstaka lykil og getur notað hann á þrjú mismunandi tæki. Hver nemandi ber fulla ábyrgð á þeirri netumferð sem merkt er þessum lyklum.

Nemendur eru minntir á að þeim ber að tryggja það eftir bestu getu að fartölvur þeirra og tæki séu vel vírusvarin og smiti ekki út frá sér á neti skólans. Nánari upplýsingar um tölvunotkun berast nemendum síðar í tölvupósti og á vef tölvudeildar <http://www.ma.is/is/skolinn/tolvudeild-ma> og í reglum skólans um tölvunotkun <http://www.ma.is/is/skolinn/reglur-skolans/reglur-um-tolvunotkun>.

Prentun

Nemendur greiða fyrir útprentun í MA og hafa aðgang að tveimur laserprenturum á Möðruvöllum sem prenta í svarthvítu og í lit. Eitt blað úr svarthvítum prentara kostar 10 krónur en hvert blað úr litaprentaranum kostar 40 krónur. Allir nemendur fá úthlutaðan prentkvóta í upphafi annar sem nemur 25 svarthvítum blöðum. Ef nemandi prentar út eitt blað í svarthvíta prentaranum dregst eitt blað frá en ef sama blað er prentað gegnum litaprentarann fara fjögur blöð af kvótanum. Þegar kvótinn er búinn eða nægir ekki fyrir því sem prenta á þarf viðkomandi nemandi að fara í afgreiðslu skólans og kaupa meiri kvóta.

Náms- og kennsluumhverfi

Náms- og kennsluumhverfið Moodle er töluvert notað við nám og kennslu í MA. Slóðin er <http://moodle.ma.is>. Þar nálgast nemendur lesefni og verkefni og skila gjarnan verkefnum eða lausnum þangað inn líka. Innskráning fer fram með notandanafni (fyrri hluti netfangsins, fyrir framan @ma.is) og sama lykilorði og notað er í MA-póstinn.

Office 365

Menntaskólinn á Akureyri hefur nýverið fært stóran hluta tölvukerfisins yfir á skýjaþjónustu hjá Microsoft sem kallast Office 365. Þetta er þjónusta sem gerir öll samskipti milli notenda sérlega einföld og í nemendapakkanum er aðgangur að vefútgáfum forritanna Word, Excel, PowerPoint og fleiri forrita. Þarna er t.d. mjög gott fyrir nemendur (og kennara) að vinna saman í skjölum af ýmsum gerðum. Nánari upplýsingar um Office 365 er hægt að sjá á office.microsoft.com en einnig má leita á YouTube að orðunum „Office 365 Education“. Þar eru myndbönd sem útskýra mjög vel hvað felst í þessum hugbúnaði.

Inna

Inna geymir m.a. upplýsingar um stundatöflu nemenda, mætingu, einkunnir og einingafjölda. Mikilvægt er að fylgjast vel með viðveru /mætingu nemenda. Foreldrar geta sótt sér aðgang að Innu á <https://www.inna.is/Nemendur/> með því að pantast Gleymt lykilorð. Þá fá þeir sent lykilorð á það netfang sem er skráð í Innu.

Námið

Ný námskrá

Undanfarin ár hefur námskrá Menntaskólans á Akureyri verið í endurskoðun og haustið 2010 hófst kennsla samkvæmt nýrri námskrá í fyrsta bekk. Á vef skólans www.ma.is er hægt að kynna sér ýmislegt tengt námskránni, námsferla, markmið o.s.frv.

Stúdentsprófið er 240 framhaldsskólæiningar.

Námsgreinar - Íslandsáfanginn

Nemendur á fyrsta ári eru flestir í sömu námsgreinum. Þeir eru þó ýmist í frönsku eða þýsku auk þess sem stærðfræðiáfangar eru ólíkir eftir því hvort sviðið nemendur stefna á. Auk þriðja tungumáls og stærðfræði eru nemendur í ensku, íþróttum og Íslandsáfangi.

Íslandsáfanginn er nýbreytni í skólasterfinu. Nær helmingur náms á fyrsta ári er helgaður áfanganum og er honum ætlað að skerpa sýn og auka skilning nemenda á landi sínu, þjóð og tungu. Hann er tvískiptur; annars vegar fléttast saman nám í íslensku, félagsfræði og sögu en hins

vegar í íslensku, líffræði, jarðfræði og landafræði. Upplýsingatækni er samofin allri verkefnavinnu með áherslu á samvinnu, frumkvæði og ábyrgð. Áfanginn byggir að verulegu leyti á ferlivinnu í kennslustundum þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni sín undir leiðsögn kennara.

Velgengnis dagar

Velgengnis dagar eru nýtt fyrirkomulag til að nálgast markmið lífsleikni. Einu sinni á önn er þriggja daga uppbrot á hefðbundnu skólafári með fræðslu um sjálfsvitund nemenda og hvað fylgir lífi og starfi í lýðræðisþjóðfélagi. Grunnþættir nýrrar menntastefnu, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sjálfbær þróun, læsi í víðum skilningi, sköpun og heilbrigði, eru í brennidepli. Þessa þrjú daga fá nemendur nýja stundaskrá og hún getur verið lengur fram á daginn en sú hefðbundna.

Viðfangsefni í 1. bekk á velgengnisdögum eru: Að byrja í framhaldsskóla, samvinna, samkennd og bekkjarfundir, lífstíll og forvarnir.

Námsgögn

Hægt er að nálgast upplýsingar um bókalista á Innu og einnig á vef skólans. Mikilvægt er að útvega sér allt námsefni strax í upphafi annar.

Efnisgjöld

Efnisgjald í Íslandsáföngunum og velgengnisdögum er samtals 14 þúsund fyrir skólaárið.

Stundaskrá

Hægt er að skoða stundaskrána í Innu eftir að nemendur hafa fengið aðgang að Innu þann 9. september.

Nemendur sem ekki hafa lært dönsku

Nemendur sem hafa tekið norsku eða sænsku í grunnskóla í stað dönsku geta haldið því áfram. Norska og sænska er þó ekki kennd í MA en nemendur geta tekið stöðupróf í desember eða tekið áfangana í fjarnámi (yfirleitt frá VMA). Stöðupróf kosta 8000 kr. og henta einkum þeim nemendum sem búið hafa lengi á Norðurlöndunum.

Nemendur sem hafa búið utan Norðurlanda og hafa ekki lært Norðurlandamál í grunnskóla þurfa að taka 10 feiningar í einhverju tungumáli í stað dönskunnar (6 gamlar einingar). Þeim er bent á að hafa samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara til að fá frekari upplýsingar.

Kennsla í dönsku hefst ekki fyrr en á þriðja ári.

Nemendur með sérþarfir, námstengd eða persónuleg vandamál

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara eða námsráðgjafa í upphafi skólaárs ef nemendur þurfa sérstaka aðstoð, hvort sem er í námi eða öðru.

Tónlist

Nemendur sem stunda nám í tónlist geta fengið afnot af kennslustofum utan skólatíma til að æfa sig á hljóðfærin sín. Skólinn á einnig flygil sem nemendur geta notað. Á töflunni á Langa gangi í Gamla skóla er hengd upp stundatafla og þar geta nemendur skráð sig vilji þeir festa sér stofu til æfinga.

Nemendur sem stunda tónlistarnám meðan þeir eru í MA geta fengið það metið sem val eða brautskrást af tónlistarkjörsviði ef þeir eru komnir vel áleiðis í tónlistarnámi við upphaf menntaskólanáms.

Námsmat

Nemendur fá kennsluáætlanir í öllum áföngum í upphafi annar. Þar kemur fram námsefni, lýsing á yfirferð efnis á önninni, verkefni og námsmat. Próf eru haldin í lok annar í flestum áföngum og gilda þau yfirleitt 50-80%. Einstaka áföngum lýkur án sérstaks lokaprófs. Töluvert er um verkefni og stutt próf á önninni og er nauðsynlegt fyrir nemendur að skoða kennsluáætlanir vel í upphafi til að geta skipulagt vinnu sína á önninni. Í flestum greinum er gert ráð fyrir heimanámi og reynslan sýnir að slíkt sjálfsnám gagnast nemendum vel.

Miðannarmat

Um miðja haustönn (8. nóvember) fá nemendur í 1. og 2. bekk svokallað miðannarmat, en það er óformlegra mat en lokaprófin og byggir oft á öðrum þáttum, en á engu að síður að geta gefið foreldrum og nemendum vísbendingu um stöðu nemandans í náminu. Matið er gefið í bókstöfum, A, G, S, O. Það er einungis stöðumat en hefur ekki áhrif á lokaeinkunn í áfanganum. Í framhaldi af miðannarmatinu taka umsjónarkennarar nemendur í viðtal og námsráðgjafar hafa samband við foreldra þeirra nemenda sem taldir eru standa höllum fæti í náminu.

Skólareglur Menntaskólans á Akureyri

Almennar skólareglur

Kennarar og nemendur ræki störf sín í skólanum af alúð og árvekni.

Regla og agi skulu vera í skólanum til að friða um starf hans.

Góð umgengni skal höfð í húsum skólans og á lóð hans.

Reglur um bindindi

Áfengi og önnur vímuefni

Nemendur skólans mega ekki vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuvaldandi efna í skólanum eða á lóð hans né heldur á skemmtunum, samkomum eða ferðalögum sem farin eru á vegum skólans eða í nafni hans. Sé áminningu skólameistara ekki sinnt er nemandi vikið úr skóla.

Tóbakslaus skóli

Menntaskólinn á Akureyri er tóbakslaus skóli. Óheimilt er að reykja eða nota annað tóbak, þar með talið munntóbak og neftóbak, í húsum skólans og á lóð hans.

Mikið er lagt upp úr því að allar skemmtanir á vegum skólans séu vímulausar, s.s. busaball og árshátíð.

Ferðir sem farnar eru án kennara, t.d. ef bekkir taka sig saman um að fara í skálaferðir, eru *ekki* á vegum skólans. Undanfarin ár hefur nokkuð borið á því að fjórðu bekkingar hafa boðið nýnemum í skálaferðir eða partí í kjölfar busavíglu *en skólinn hefur lýst yfir andstöðu sinni við þessar eftirlitslausu ferðir og partí.*

Góð umgengni innan og utan skóla er einkenni nemenda Menntaskólans á Akureyri. Stofur í skólanum eru opnar nemendum eftir skólatíma og það hefur verið mögulegt vegna góðrar umgengni. Hægt er að nýta stofurnar og bókasafnið til lærdóms.

Hegðun í tímum

Lögð er áhersla á að nemendur og kennarar sýni hverjir öðrum virðingu og tryggi í sameiningu vinnufrið og góða ástundun. Neysla matvæla er bönnuð í kennslustundum og notkun á tölvum er háð leyfi kennara. Ætlast er til að nemendur biðji um leyfi þurfi þeir nauðsynlega að fara fram meðan á kennslu stendur. Ástundun og vinnusemi í kennslustundum er forsenda góðs árangurs.

Reglur um námsframvindu

Menntaskólinn á Akureyri er sambland af bekkjaskóla og áfangaskóla og reglur um námsframvindu taka mið af því. Vissulega er námið krefjandi og próftíminn reynir á en með góðri ástundun eiga allir nemendur Menntaskólans að geta náð góðum árangri.

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Haustönn lýkur með prófum í janúar og vorönn lýkur með prófum í maí/júní. Annirnar eru aðskildar en þó tengdar að því leyti að nemendur geta unnið upp fall í námsgrein á haustönn með betri árangri á vorönn.

Lágmarkseinkunn í áfanga er **5**. Nemandi getur þó haldið áfram í skólanum eftir haustannarpróf þótt hann falli í einhverjum greinum, að því tilskyldu að hann hafi sótt skólann vel og hlýtt skólareglum.

Nemendur þurfa hinsvegar að loknu fyrsta námsári að hafa lokið með fullgildum hætti svo til öllum áföngum til að komast milli námsára. Meginreglan er sú að standast þurfi **alla undanfara** þeirra áfanga sem kenndir eru á næstu námsárum. Áfangar sem nemendur þurfa að ljúka á fyrsta ári til að komast upp á annað ár eru tveir áfangar í ensku, frönsku/þýsku, stærðfræði og Íslandi.

Ef nemandi er með fall í 1-3 áföngum getur hann tekið endurtökupróf. Þau eru haldin í lok skólaárs eftir að reglulegum vorannarprófum lýkur, í áföngum beggja anna. Vert er að minna á að sjúkra- og endurtökupróf geta staðið allt til 15. júní. Nemandi sem er með fleiri en 3 föll að loknu skólaárinu (fyrir endurtökupróf) telst fallinn á bekk og hefur ekki sjálfkrafa rétt til að taka endurtökupróf. Greiða þarf próftökugjald fyrir hvert endurtökupróf.

Reglur um skólasókn

Góð skólasókn er mikilvæg, ekki síst á fyrstu árunum í framhaldsskóla. Reynsla undanfarinna ára sýnir að það er sterk fylgni milli skólasóknar og námsárangurs í 1. bekk.

Nemendum í Menntaskólanum á Akureyri ber að sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu.

Mæting nemenda er skráð í Innu og er aðgengileg nemendum og forráðamönnum ólögráða barna.

Inna sýnir annars vegar raunmætingu nemandans, það er hvaða tíma hann hefur sótt og hins vegar mætingu þegar veikindi hafa verið dregin frá.

Skólasókn (raunmæting og mæting að teknu tilliti til veikinda) er birt á stúdentsskírteini nemenda.

Leyfi frá skóla:

Gert er ráð fyrir að nemendur sinni öllum erindum utan skóla en ekki á skólatíma.

Lögráða nemendur og forráðamenn ólögráða nemenda geta sótt um leyfi til skólameistara eða aðstoðarskólameistara ef hann þarf að vera í burtu dag eða lengur. Nemandi fær skráðar fjarvistir þá daga sem hann er í leyfi en með skýringum.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu:

Nemandi mæti að öðru leyti vel í skólann

Nemandi geri sér grein fyrir skyldum sínum og ábyrgð ef hann þarf að vera fjarverandi, s.s. að ræða við kennara fyrirfram ef leyfið lendir á verklegum tímum og verkefnaskilum.

Leyfi vegna íþróttar:

Fjarvera afreksíþróttafólks á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða landsliðs í viðkomandi íþróttagrein, reiknast ekki inn í skólasókn þeirra (afreksíþróttamaður telst sá sem valinn hefur verið í unglingslandslíð eða landslið viðkomandi íþróttagreinar eða sá sem valinn hefur verið til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir Norðurlandamót, Evrópumeistaramót, heimsmeistaramót eða Ólympíuleika í sinni íþróttagrein). Það sama gildir um nemendur sem eru í viðurkenndum ferðum á vegum skólans. Nemendur sem fara í keppnisferðir á vegum íþróttafélaga innan ÍSÍ geta fengið skráð leyfi fyrir sínum fjarvistum, ef þjálfarar skila inn leyfisbeiðni. Aðeins er hægt að taka tillit til þeirra leyfa ef nemandinn mætir vel að öðru leyti. Þessar reglur gilda líka um nemendur sem eru í viðamiklu tónlistarnámi.

Veikindi:

Ólögráða nemendur:

Foreldrar ólögráða nemenda þurfa að skrá veikindi samdægurs á Innu, eða í síma 455-1555 fyrir klukkan 10 á morgnana, ef ekki er hægt að senda tölvupóst. Athugið að ekki dugir að nemandi sjálfur tilkynni veikindi.

Skólinn áskilur sér rétt til að krefjast þess að vottorði sé skilað, t.d. ef fjarvistir nemenda vegna

veikinda eru miklar.

Lögráða nemendur:

Lögráða nemendur geta skráð veikindi sín í Innu en þurfa að skila vottorði vegna veikindanna svo að þau teljist ekki til fjarvistastiga. Skili nemendur vottorði vegna veikinda innan viku eftir að þeir koma í skólann aftur eru fjarvistir vegna veikindanna ekki skráðar.

Veikindi í prófum:

Ef ekki kemur annað fram á kennsluáætlunum þarf nemandi sem er veikur þegar verkefni eða prófhluti til lokaprófs er á dagskrá að skila læknisvottorði fyrir þann dag, eigi síðar en einni viku frá því að nemandinn kemur í skólann á ný. **Alltaf þarf að skila inn vottorði vegna veikinda í próftíð.**

Símat og vinnueinkunn:

Að jafnaði gilda sömu reglur um skólasókn í símatsáföngum og öðrum áföngum, en kennurum er heimilt að setja strangari skólasóknarreglur enda skiptir þátttaka og viðvera nemenda miklu í slíkum áföngum.

Sérstakar reglur gilda um vægi skólasóknar í einkunn fyrir ípróttir og velgengnisdaga.

Ábyrgð nemenda:

Nemendum ber sjálfum að fylgjast með skólasókn sinni í Innu. Ef nemandi þarf að vera mikið frá vegna ípróttar eða leyfa ber hann ábyrgð á því að fylgjast með hvað fram fer í kennslu á þeim tíma. Það sama á við um nemendur sem eru frá vegna skammvinnra veikinda. Nemendur sem glíma við samfelld eða erfið veikindi hafa samband við námsráðgjafa.

Skráning fjarvista:

Í upphafi hverrar kennslustundar hefur kennari nafnakall og færir fjarvistir. Ef nemandi er hjá námsráðgjafa á kennslutíma skráir námsráðgjafi mætingu fyrir þann tíma.

Kennara er heimilt að gefa nemenda fjarvist að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði eða fyrir aðra slæma hegðun og þátttökuleysi.

Nemendur sem eiga við sjúkdóma að stríða eða búa við aðstæður sem geta haft áhrif á skólasókn þeirra, leggja fram gögn um slíkt í upphafi annar, og/eða þegar slíkar aðstæður koma upp, hjá námsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara. Hægt er að sækja um það að í slíkum tilvikum sé skólasóknar ekki getið á námsferli.

Veikindi í prófum

Foreldrum og nemendum er bent á að kynna sér vel kennsluáætlanir því þar kemur fram hvort skila þarf læknisvottorði fyrir próf eða verkefni sem haldin eru á önninni.

Öll veikindi í **próftíð** þarf að tilkynna skólanum að morgni og skila vottorði til að eiga rétt á sjúkraprófi.

Eining fyrir skólasókn:

Til þess að hljóta einingu fyrir skólasókn þarf nemandi að hafa 95% skólasókn (raunmæting) fyrir önnina. Skólasóknar er getið á stúdentsprófsskírteini, með prósentutölu.

Umsjón með skólasókn

Aðstoðarskólameistari hefur yfirumsjón með skólasókn nemenda.

Foreldrar/forráðamenn geta fylgst með skólasókn barna sinna í gegnum Innu.

Heilsugæsluþjónusta

Heilsugæsla

Engin heilsugæsla er í skólanum en nemendum er vísað á heimilislækni eða skólalækni og vistarbúar geta leitað til hjúkrunarfræðings þar.

Skólalæknir (fyrir utanbæjarnemendur) Menntaskólans á Akureyri er Magnús Ólafsson, heimilislæknir á Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Tímamantanir eru í síma 460 4660 og símatími Magnúsar er alla virka daga kl. 11.00-11.30, sími 460 4655.

Þá er vakin athygli á Unglingamóttöku Heilsugæslustöðvarinnar. Hún er opin unglingum/ungu fólki á aldrinum 13 - 20 ára. Móttakan er opin á þriðjudögum kl. 15 - 16. Ekki þarf að panta tíma og þjónustan er gjaldfrí. Upplýsingar um þjónustu Heilsugæslustöðvarinnar eru á <http://www.akureyri.is/hak>. Móttakan er ekki ætluð fyrir vottorðabeiðnir.

Hjúkrunarfræðingur á heimavist er Hannesína Scheving. Viðtalstímar hennar eru á mánudögum og fimmtudögum kl. 17-18. Sími hjúkrunarfræðings er 455-1611.

Dagatal

Á vef skólans má sjá almanak skólans. En meðal viðburða á skólaárinu má nefna:

- Fyrstu dagarnir einkennast nokkuð af busavígslu sem lýkur með busaballi. Nýnemar hafa að sjálfsögðu val um það hvort þeir taka þátt í busavígslunni. Rík áhersla er á að hún sé skemmtileg en ekki niðurlægjandi. Skólafélag nemenda, Huginn, skipuleggur busavígsluna ásamt svokölluðu busaráði. Formaður Hugins er Bjarni Karlsson.
- Nemendur fara í vettvangsferðir í Íslandsáföngunum. Þeir bekkir sem eru í NÁT áfanganum á haustönn fara til Mývatnssveitar og til Siglufjarðar á vorönn í MEN áfanganum og öfugt.
- Starfsdagur kennara er föstudaginn 4. október.
- Langt helgarfrí er 25. - 28. október.
- Árshátíð nemenda og fullveldisfagnaður er 29. nóvember. Undirbúningur árshátíðar er alfarið í höndum nemenda og metnaður þeirra mikill.
- Haustannarpróf standa yfir frá 9. – 28. janúar. Aðeins er kennt í þrjá daga eftir jól áður en próf hefjast.
- Vorönn hefst 29. janúar og þá fá nemendur nýja stundaskrá.
- Vorannarpróf eru 22. maí – 13. júní (með sjúkra – og endurtökuprófum). Reglulegum

prófum lýkur 5. júní.

Félagslíf nemenda – Skólafélagið Huginn

Menntaskólinn á Akureyri hefur ævinlega lagt ríka áherslu á gott og fjölbreytt félagslíf. Skólafélagið Huginn heldur utan um þann þátt félagsstarfsins. Nemendur greiddu félagsgjald til Hugins um leið og þeir greiddu innritunargjaldið í skólann en kjósi þeir að vera ekki félagar geta þeir fengið gjaldið endurgreitt í skólabyrjun hjá fjármálastjóra skólans.

Fjölmörg félög eru starfandi innan skólans undir hatti skólafélagsins. Þau stærstu og rótgrónustu eru íþróttafélagið (ÍMA), leikfélagið (LMA), kórinn (SAUMA), tónlistarfélagið (TÓMA), skólablaðið (Muninn) auk fjölda annarra. Nýnemum er kynnt félagslífið fljótlega eftir skólabyrjun.

Flestir nemendur safnast saman í Kvos Menntaskólans í löngufrímínúتونum og þar eru viðburðir gjarnan auglýstir. Hringt er á Sal nokkrum sinnum á ári í Menntaskólanum á Akureyri. Þá koma allir nemendur skólans saman í Kvosinni á Hólum og hlýða á fyrirlestra eða syngja saman (söngsalur).

Félagsmálafulltrúi

Félagsmálafulltrúi er Unnar Vilhjálmsson íþróttakennari.

Að lokum

Menntaskólinn á Akureyri er bóknámsskóli og meginhlutverk hans er að búa nemendur undir nám á háskólastigi, auk þess að búa þá undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Það eru alltaf ákveðin viðbrigði fyrir nemendur að hefja nám í menntaskóla þrátt fyrir að nemendahópurinn sé sterkur og einkunnir hans vel yfir landsmeðaltali. Yfirferð er hraðari í ýmsum greinum en í grunnskóla og kröfur meiri um sjálfstæð vinnubrögð.

Nám í Menntaskólanum er full vinna og því brýnt að hvetja nemendur til að læra jafnt og þétt alla önnina. Þá er aðhald foreldra nemendum einnig mikilvægt. Góð vinnubrögð sem nemandi tileinkar sér strax á fyrstu önn nýtast honum alla skólagönguna.

Hlökkum til að eiga samstarf við ykkur,

Jón Már Héðinsson skólameistari og Alma Oddgeirsdóttir aðstoðarskólameistari

Frá námsráðgjöfum við Menntaskólann á Akureyri

Við skólann eru starfandi þrír náms- og starfsráðgjafar, Herdís Zophoníasdóttir, Lena Rut Birgisdóttir og Anna Harðardóttir. Viðtalstímar þeirra og símatímar eru auglýstir á vef skólans og á auglýsingatöflum í skólanum. Hægt er að panta tíma í síma 455-1555 eða senda námsráðgjöfunum tölvupóst. Skrifstofur þeirra eru í kjallara í Gamla skóla.

Þjónusta námsráðgjafa stendur öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra til boða. Hvort sem erindið er stórt eða smátt eru nemendur og foreldrar þeirra ávallt velkomir. Námsráðgjafinn er málsvari og trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra. Hlutverk námsráðgjafa, líkt og annarra starfsmanna skólans, er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá í námi og aðstoða við val á framhaldsnámi. Þeir sinna ráðgjöf við nemendur og foreldra þeirra og veita upplýsingar um m.a.:

- Námsval
- Tímastjórnun
- Ákvarðanatöku
- Áhugasvið – áhugasviðskannanir
- Samskipti
- Persónuleg mál
- Prófkvíða
- Námsörðugleika
- Lestrarferfiðleika

Einnig er starfandi við skólann Karen Júlía Sigurðardóttir sálfræðingur í 20% stöðu.

Námsráðgjafar hafa fasta viðtalstíma sem auglýstir eru á auglýsingatöflum skólans og heimasíðu, www.ma.is, og eiga nemendur greiðan aðgang að þeirri þjónustu. Viðtalstímar hjá sálfræðingi eru eftir samkomulagi með tilvísun frá námsráðgjöfum.

Að lokum hvetjum við ykkur til að nýta ykkur þá þjónustu sem við höfum upp á að bjóða - þó að börnin ykkar séu komin í framhaldsskóla þurfa þau á stuðningi og aðhaldi að halda og er það sameiginlegt verkefni heimila og skóla að standa vörð um velferð þeirra.

Með ósk um gott samstarf,

Herdís Zophoníasdóttir herdis@ma.is

Lena Rut Birgisdóttir lena@ma.is

Anna Harðardóttir annah@ma.is

Karen Júlía Sigurðardóttir karen@ma.is